

Hellu, 4. október 2021

Rangárþing ytra

b.t. Skipulags- og byggingarfulltrúa

Vegna auglýsingar um skipulagsmál í Rangárþingi ytra um akstursíþróttasvæði og jaðarsport við Gunnarsholtsveg, nánar tiltekið svæði LS28. Frestur til athugasemda veittur til 6. október 2021.

Staðsetningin er á landi sveitarfélagsins þar sem Rangárvallavegur (Gunnarsholtsvegur) mætir Þjóðvegi, vestan Gunnarsholtsvegar og norðan Þjóðvegar. Nálægð við nýlega íbúðabyggð við Gaddstaði og Gilsbakka er mikil.

Hvað varðar umferð hestamanna þá er mjög fjölfarin leiðin um síkið og austur að Gunnarsholtsvegi. Leiðin upp með Gunnarsholtsvegi er vinsæl og mikið notuð. Ljóst að staðsetning mótorhjólsvæðis mun hafa áhrif á umferð ríðandi manna þarna og gera hana nánast ófæra. Annar valkostur fyrir ríðandi umferð upp á Gunnarsholtssand eða Rangárvelli, ekki í boði eins og staðan er nú.

Sömuleiðis má benda á hættuna á að vélhjólumferð frá þorpinu og inn á nýja svæðið muni fara í gegnum vinsælar reiðleiðir. Þó svo að gert sé ráð fyrir að hjólin komi á kerrum á nýja svæðið þá gerum við fastlega ráð fyrir að það muni verða misbrestur á því. Í þessu sambandi er líka rétt að óska eftir að allar upplýsingar liggi fyrir um reglur og hvernig umsýslu á hinu fyrirhugaða svæði verður háttað. Það er mikilvægt að þessar upplýsingar séu uppi á borðum.

Benda má á að þarna eru fyrir kartöflugarðar Hellubúa, í næsta nágrenni skógræktarsvæði Grunnskólans á Hellu, afsetningarstaður glerafgangna frá Samverk og sjálfsagt meira til.

Hljóðmengun er svo auðvitað fylgifiskur sem mun hrjá þá sem næst búa og miklar líkur á að berist í austasta hluta þorpsins.

Skilningur er á því að betra er að hafa séraðstöðu fyrir þessa íþrótt en að hafa þá hér út um allt, óskipulagt, með slæmum afleiðingum fyrir fólk og náttúru. Það er þó samdóma álit hestamanna hér að þessi staður sé of nálægt þorpinu og hindri klárlega umferð hestamanna um Gunnarsholtsveg. Bent er á svæði eins og Vakalág (gamalt efnistökusvæði upp með Gunnarsholtsvegi) eða á Geitasandi.

Athugasemdum og mótmælum við fyrirbyggjandi tillögu að umræddu akstursíþróttasvæði er því hér með komið á framfæri.

Fh. hesthúseigenda og hestamanna á Hellu

Arnstur Kjindsson 250867-4769
Bergþóra Josepsdóttir 270764-2239
Halli Ólafsson 160463-2019
Sigurður Kristinn Guðbjörnsson 110681-4299